

Umsögn min er þessi um mál 727.á Alþingi 2012

Árni Björn Guðjónsson

Eg geri kröfu um að virkjanir í Neðri Þjórsá fari í verndarflokk.

Minn rökstuðningur er að virkjanir Hvammsvirkjun Holtsvirkjun og Urriðafossvirkjun muni hafa þóvilík umhverfisáhrif að ekki se forsvaranalegt að þær fari í framkvæmd nokkurntíma.

Bæði er að lífríki mundi verða fyrir þóvilkium skaða að að aldrei hefur annað eins gerst á Íslandi eða í hinum vestrænum heimi.

Umhverfisbreytingar með Hvammslóni yrðu slíkar að ekki væri sjón að sjá er þetta fagra umhverfi færi undir vatn.Á eg þá við svæðið frá Núpi og upp að Hagabænum.Fáránlegt að mönnum skuli detta þetta í hug þar sem allur hinn vestræni heimur hefur barist á móti slíkum breytingum og eyðileggingum á umhverfinu.

Með fyrirhugaðri Holtsvirkjun er hugsað' að stífla Þjórsá fyrir ofan Búðafoss það myndi gjörbreyta farveginum fyrir neðan þar sem áinn hefur verið einn kilometri á breidd.Hinn fagri Búðafoss yrði eyðilagður.

Umhverfis eyðileggingin yrði svo rísa mikil að ekkert á landi her væri í líkingu við svona aðgerðir. Allt landslag væri úr skorðum og andslag gjörbreytt.

Með Urriðafossvirkjun myndi hinn fagrifoss eyðileggjast.

Eg lít á virkjanir í Neðri Þjórsá sem hryðjuverk gegn byggðum landsins. Aldrei annaðeins myndi hafa skeð í hinum vestræna heimi.

Virkjanir í Neðri Þjórsá í verndarflokk.